

**Eignarhaldsfélagið**  
**Brunabótafélag Íslands**  
**Ársreikningur 2009**

Eignarhaldsfélagið  
Brunabótafélag Íslands  
Hlíðarsmára 8  
201 Kópavogur

Kt. 480169-4179

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3	Efnahagsreikningur .....	6
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4	Yfirlit um sjóðstreymi .....	8
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu fyrir árið 2009 .....	5	Skýringar .....	9

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

---

## Rekstur ársins 2009

Starfsemi félagsins á árinu 2009 fólst í fjármálastarfsemi, eignarhaldi á hlutabréfum og öðrum verðbréfum.

Tap varð á rekstri félagsins á árinu 2009 að fjárhæð 19,4 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í árslok nam 2654,6 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi eða um 81% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings.

Félagið hefur varið hagnaði sínum til almenningsheilla með því að stuðla að eflingu brunavarna sveitarfélaga landsins og stuðla að hagstæðri váttryggingarvernd fyrir sveitarfélögin og margvíslegum forvörnum á sviði váttrygginga sveitarfélaganna og íbúa þeirra. Á árinu 2009 var varið til þessara málefna 300 millj. kr. sem runnu til sveitarfélaga landsins. Þá hefur félagið styrkt ýmis verkefni á sviði forvarna í brunamálum s.s. útgáfa á kennslubók í viðbrögðum við gróðureldum í samvinnu við Brunamálastofnun. Einnig hefur félagið staðið fyrir verkefni í brunavörnum inn á leikskólum landsins í samvinnu við slökkviliðin og slökkviálfana Loga og Glóð.

## Stjórnunarhættir

Stjórn Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnunarháttum. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart framkvæmdastjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, ítarlegar reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingargjöf framkvæmdastjóra gagnvart stjórn og fleira. Stjórn félagsins ákveður starfskjör framkvæmdastjóra og fundar með endurskoðendum félagsins.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2009, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009.

Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess, og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands hafa í dag rætt um ársreikning félagsins fyrir árið 2009 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 11. febrúar 2010.

Stjórn:

*Guðmundur Bjarnason*

*Arnór Pálsson*

*Ása Helgadóttir*

*Kristján Þór Júlíusson*

*Ólafur Kristjánsson*

*Ragnheiður Hergeirsdóttir*

*Valdimar Bragason*

Framkvæmdastjóri:

*Anna Sigurðardóttir*

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirra hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2009, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 11. febrúar 2010.

**KPMG hf.**

*Margrét Guðjónsdóttir*

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu fyrir árið 2009

	Skýr.	2009	2008
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Vaxtatekjur og verðbætur .....		84.009.121	319.532.251
Innleystur hagnaður af verðbréfaeign .....		64.966.066	368.859.723
Fjármagnsgjöld .....		( 4.435.290)	( 6.511.496)
		144.539.897	681.880.478
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	8	19.287.673	20.247.834
Lífeyrisskuldbindingar, hækkun .....	14	28.532.787	98.456.847
Rekstur húsnæðis .....		5.958.216	5.160.985
Annar rekstrarkostnaður .....		16.315.942	12.533.773
		70.094.618	136.399.439
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		74.445.279	545.481.039
Fjármagnstekjuskattur .....	13	( 13.716.596)	( 68.839.197)
<b>Innleystur hagnaður ársins .....</b>		60.728.683	476.641.842
<b>Óinnleystar tekjur(tap):</b>			
Óinnleyst tap af verðbréfaeign .....	9,10	( 80.159.509)	( 3.576.863.534)
Fjármagnstekjuskattur .....	13	0	239.157.038
<b>Tap ársins .....</b>		( 19.430.826)	( 2.861.064.654)

# Efnahagsreikningur

---

## Eignir

	Skýr.	2009	2008
<b>Verðbréf:</b>			
Skuldabréf .....	9	2.885.057.849	2.288.148.419
Hlutabréf .....	10	3.503.314	15.427.626
		<u>2.888.561.163</u>	<u>2.303.576.045</u>
<b>Aðrar eignir:</b>			
Innréttingar og áhöld .....	4,11	1.065.221	1.065.221
Handbært fé .....	5	384.314.056	1.290.209.908
		<u>385.379.277</u>	<u>1.291.275.129</u>
	<b>Eignir samtals</b>	<u>3.273.940.440</u>	<u>3.594.851.174</u>

## 31. desember 2009

---

### Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2009	2008
<b>Eigið fé:</b>			
Sameignarsjóður .....		775.110.775	829.124.205
Annað eigið fé .....		1.879.526.278	2.144.943.674
	Eigið fé 6,12,16	<u>2.654.637.053</u>	<u>2.974.067.879</u>
<b>Lífeyrisskuldbindingar</b> .....	14	<u>617.641.330</u>	<u>619.393.315</u>
<b>Skattskuldbinding</b> .....	13	<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Aðrar skuldir:</b>			
Ýmsar skammtímaskuldir .....	13	<u>1.662.057</u>	<u>1.389.980</u>
		<u>1.662.057</u>	<u>1.389.980</u>
	Skuldir og skuldbindingar samtals	<u>619.303.387</u>	<u>620.783.295</u>
	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u><u>3.273.940.440</u></u>	<u><u>3.594.851.174</u></u>

## Yfirlit um sjóðstreymi árið 2009

	Skýr.	2009	2008
Innleystur hagnaður ársins .....		60.728.683	476.641.842
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Innleystur hagnaður verðbréfa .....	(	64.966.066)	( 337.016.459)
Afskriftir .....	11	0	0
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....	14	( 1.751.985)	71.537.256
Veltufé frá rekstri	(	5.989.368)	211.162.639
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum .....		272.077	( 24.343.291)
Handbært fé frá rekstri	(	5.717.291)	186.819.348
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum .....	10	( 1.294.648)	0
Söluverð eignarhluta í öðrum félögum .....	10	0	481.617.368
Skuldabréf, breyting .....	9	( 598.883.913)	11.216.501
Fjárfestingahreyfingar	(	600.178.561)	492.833.869
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>			
Framlag til sveitarfélaga .....	12	( 300.000.000)	( 450.000.000)
Fjármögnunarhreyfingar	(	300.000.000)	( 450.000.000)
<b>Hækkun á handbæru fé .....</b>	(	905.895.852)	229.653.217
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		1.290.209.908	1.060.556.691
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		384.314.056	1.290.209.908
		384.314.056	1.290.209.908
		( 0)	0



# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskilanna*

1. Ársreikningur Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### *Erlendir gjaldmiðlar*

2. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsárs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### *Verðbréf*

3. Verðbréf, sem öll eru í vörslu fjármálastofnana og samanstanda af hlutabréfum og skuldabréfum eru færð til eignar á áætluðu markaðsverði í árslok.

### *Varanlegir rekstrarfjármunir*

4. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að fráregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

### *Handbært fé*

5. Sjóður, bankainnstæður og peningamarkaðsbréf teljast til handbærs fjár.

### *Eigið fé*

6. Framlag til sveitarfélaga á grundvelli samþykktu félagsins er fært til lækkunar á eigin fé.

### *Skattsskuldbinding*

7. Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands er undanþegin greiðslu tekju- og eignarskatts samkvæmt 2. tölulið 4. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Félaginu ber hins vegar að skila fjármagnstekjuskatti af innleystum fjármunatekjum.

## Laun og launatengd gjöld

8. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2009	2008
Laun .....	11.074	11.562
Stjórnarlausn .....	4.536	5.160
Launatengd gjöld .....	3.678	3.526
Laun, launatengd gjöld samtals .....	19.288	20.248
Starfsmenn að meðaltali .....	1,5	1,5

Laun framkvæmdastjóra nema 10.557 þús. kr.

## Skýringar, frh.:

---

### 9. Skuldabréfaeign félagsins í árslok greinast þannig:

Skuldabréf skráð í Kauphöll Íslands .....	211.324
Hlutdeildarskírteini skráð í Kauphöll Íslands .....	2.388.191
Önnur skráð hlutdeildarskírteini .....	282.275
Óskráð hlutdeildarskírteini .....	3.268
	<u>2.885.058</u>

### 10. Eignarhlutir í félögum í árslok greinast þannig:

	Nafnverð	Markaðsverð 31.12.2009
Exista hf. ....	5.683	227
Foroya Banki P/F .....	15	1.981
HF Eimskipafélag Íslands .....	1.336	1.295
		<u>3.503</u>

## Aðrar eignir

11. Eignfærðir varanlegir rekstrarfjármunir í árslok 2009 eru listaverk sem ekki eru afskrifuð. Bókfært verð þeirra nemur 1.065 þús. kr.

## Eigið fé

### 12. Eiginfjárreikningar í lok ársins 2009 og breytingar á þeim á árinu greinast þannig:

	Sameignar- sjóður	Annað eigið fé	Samtals
Yfirfært frá fyrra ári .....	829.124	2.144.943	2.974.067
Tap ársins .....		( 19.431)	( 19.431)
Framlag til sveitarfélaga .....		( 300.000)	( 300.000)
Fært úr sameignarsjóði .....	( 54.013)	54.013	0
Eigið fé 31.12.2009 .....	<u>775.111</u>	<u>1.879.525</u>	<u>2.654.636</u>

Hlutdeild sameignarsjóðsins í eigin fé er byggð á hutfallslegri skiptingu eigin fjár milli eignaraðila sbr. 16. skýringu.

## Skuldbindingar

13. Skattar vegna rekstrarársins 2009 hafa verið reiknaðir og færðir í ársreikninginn. Félagið hefur verið undanþegið greiðslu tekju- og eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981 eins og forveri þess Brunabótafélag Íslands var allt frá stofnun. Félagið hefur hins vegar greitt fjármagnstekjuskatt af innleystum vaxtatekjum á grundvelli 4. mgr. 72. gr. laga nr. 75/1981 síðan ákvæðin um fjármagnstekjuskatt komu til framkvæmda á árinu 1997.

Skattskuldbinding í ársbyrjun 2009 .....	0
Fjármagnstekjuskattur ársins .....	13.374
Fjármagnstekjuskattur til greiðslu .....	( 13.374)
Reiknuð skuldbinding í árslok 2009 .....	<u>0</u>

14. Á félaginu hvílir eftirlaunaskuldbinding vegna fyrrverandi starfsmanna þess. Félagið greiðir hluta af eftirlaunum fyrrverandi starfsmanna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og námu slíkar greiðslur um 29 millj. kr. á árinu. Eftirlaunaskuldbinding félgsins hefur verið reiknuð af tryggingastærðfræðingi miðað við 2% vexti. Lífeyrisskuldbindingin nam um 618 millj. kr. í árslok 2009 og er hún færð í ársreikninginn.

15. Félagið hefur gengist í ábyrgð vegna skuldabréfa að eftirstöðvum 2,2 millj. kr. í árslok 2009. Um er að ræða skuldabréf vegna kaupa á slökkvibifreiðum víðs vegar um landið.

## Önnur mál

16. Samkvæmt 5. og 6. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands eru sameigendur félgsins tryggingatakar og sameignarsjóður eignarhaldsfélgsins eftir nánari reglum laganna. Eignarréttindi tryggingataka falla til sameignarsjóðsins þegar eignaraðild þeirra verður óvirk samkvæmt 15. gr. laganna. Eignaraðild að félaginu var sem hér segir í árslok.

	2009	2008
Tryggingatakar .....	70,80	72,12
Sameignarsjóður .....	29,20	27,88
	<u>100,00</u>	<u>100,00</u>